

Háskólinn á Akureyri Ársfundur 2005

Ársfundur Háskólans á Akureyri var haldinn í stofu R311 á Borgum miðvikudaginn 14. desember 2005 og hófst kl. 14:30. Anna Þóra Baldursdóttir, fundarstjóri, setti fundinn, kynnti dagskrá og tilkynnti þá breytingu að vegna forfalla Ólafs Búa Gunnlaugssonar færi Úlfar Hauksson yfir Ársreikning 2004. Einnig benti Anna Þóra á að nálgast mætti eintök af *Ársskýrslu HA* fyrir árið 2004 í fundarstofu.

1. Staða og starfsemi Háskólans á Akureyri

Þorsteinn Gunnarsson rektor hóf mál sitt á því að fara yfir nokkrar lykiltölur varðandi fjölda nemenda, kennara og starfsfólks við HA. Þar kom m.a. eftirfarandi fram:

- Nemendum fjölgaði úr 328 árið 1996 í 1516 árið 2004. Frá 2003fjölgaði nemendum um 86.
- Fastráðnir starfsmenn voru 177 árið 2004. 94 þeirra voru kennarar og höfðu 35% þeirra doktorsgráðu, 59% meistara-gráðu og 6% bachelorgráðu.
- Auk fastra starfsmanna komu 493 starfsmenn að stundakennslu eða öðrum tímabundnum verkefnum árið 2004.

Sex deildir störfuðu við skólann árið 2004: auðlindadeild, félagsvísinda- og lagadeild, heilbrigðisdeild, kennaradeild, viðskiptadeild og upplýsingatæknideild. Helstu nýjungar í skipulagi námsframboðs voru að í auðlindadeild var unnið að undirbúningi að 60 eininga M.Sc.-námi í auðlindafræði. Einnig var haldið áfram uppbyggingu BA-náms í félagsvísinda- og lagadeild og aukin áhersla lögð á uppbyggingu meistaranáms í heilbrigðisvísindum. Þá unnu kennaradeild og viðskiptadeild að frekari uppbyggingu og þróun fjarnáms.

23 kennarar fengu hæfisdóm sem lektorar (17), dósentar (3) eða prófessorar (3) við háskólann árið 2004. Heildarrannsóknastig kennara á árinu voru 1531,21 sem er veruleg fjölgun frá árinu áður er þau voru 1088,53. Meðalrannsóknastigum fjölgaði einnig nokkuð á milli ára eða úr 13,61 í 17,01.

Starfsemi Ferðamála-seturs, Símenntunar og Skólaþróunarviðs kennaradeildar eflast mjög á árinu og sömu sögu má segja af starfsemi Rannsóknastofnunar HA sem hefur byggt upp farsælt verkefnasamstarf við ýmsar stofnanir, ráðuneyti og sveitarfélög.

Í október 2004 voru Borgir, nýtt rannsókn- og nýsköpunarhús fyrir HA, teknar í notkun. Á Borgum er að finna fyrsta flokks aðstöðu fyrir kennslu og rannsóknir í raunvísindum en þangað fluttu auðlindadeild, upplýsingatæknideild, RHA, Byggingarannsóknastofnun, Ferðamála-setur, Matvæla-setur og skrifstofa rektors. Af öðrum byggingaframkvæmdum ber helst að nefna endurinnréttingu á eldra Sólborgarhúsnæðinu sem lauk að mestu haustið 2004. Leiddu þær umbætur til stórbættrar vinnuaðstöðu og aðbúnaðar í mótuneyti HA.

Rektor gerði grein fyrir niðurstöðum stofnanaúttektar á HA sem unnin var af IMG Ráðgjöf í upphafi þessa árs. Helstu þættir niðurstöðanna voru sem hér segir:

Styrkleikar HA:

- Vöxtur skólans; námsframboð hefur aukist verulega, nemendum fjölgaði umtalsvert og fjölbreytni starfseminnar aukist.
- Rekstrarkostnaður á hvern nemanda er lágur í fjölmennustu deildunum.

- HA er í fararbroddi í fjarkennslu á háskólastigi og á í öflugu samstarfi við innlenda og erlenda aðila um kennslu og rannsóknir.
- Tiltölulega einfalt stjórnkerfi og starfsemin hefur undanfarið einkennst af krafti, metnaði og samkeppnishugsun.
- Gott jafnvægi er í aldursamsetningu starfsfólks.
- Í þremur deildum er hátt hlutfall kennara með doktorspróf.
- Starfsandi í HA er góður og viðhorf starfsmanna til skólans er almennt jákvætt.
- Nemendur hafa gott aðgengi að kennurum og stoðþjónustu.
- Velgengnisvika fyrir nýnema.
- Mikil áhersla lögð á hagnýtingu upplýsingatækni.
- Rannsóknastarf HA er að eflast og aðstaðan á Borgum styrkir skólann enn frekar.

Það sem betur má fara:

- Afrakstur, útfærsla og eftirfylgni stefnumótunarvinnu á árunum 2000-2001 var ekki nógu skýr og aðkomu stjórnenda á útfærslu stefnunnar fyrir einstök svið var ábótavant.
- HA vantar skýra framtíðarsýn um þróun, nýsköpun, stærð, námsframboð og samkeppnislega stöðu skólans og sýn á almenna uppbyggingu og samþættingu við starfsemi annarra aðila á háskólasvæðinu.
- Bæta þarf skilvirkni stjórnskipulags HA, ferla og vinnubrögð á ýmsum sviðum. Skýra þarf hlutverk nokkurra hópa og eininga og snertifleti þeirra gagnvart deildum, sviðum og yfirstjórn.
- Fyrirkomulag og eftirfylgni deildafunda er mismunandi.
- Enginn einn hefur borið ábyrgð á gæðamálum og stefnuáherslur á þessu sviði hafa verið veikar.
- E.t.v. þarf að endurskoða hlutverk og samsetningu háskólaráðs og athuga hvort formaður þess ætti ekki að koma utan frá.
- Fjárhagsvandi HA að undanförmu hefur haft veruleg áhrif á allt starf skólans. Rannsóknaframlög eru ekki nægjanleg miðað við umsvif og það dregur úr samkeppnishæfni HA ef hann getur ekki vegna fjárskorts veitt kennurum samningsbundin rannsóknaleyfi.
- Bæta þarf kennslumat. Úrvinnsla á niðurstöðum þess er mismunandi eftir deildum.

Í tengslum við úttekt IMG framkvæmdi RHA viðhorfskönnun meðal brautskráðra nemenda HA 1989–2003. Könnunin leiddi í ljós almenna ánægju brautskráðra nemenda með fræðilegan hluta náms síns sem og ráðgjöf og handleiðslu kennara. Flestir nemendanna fengu vinnu strax eða fljótlega eftir brautskráningu og þurftu í flestum tilvikum aðeins að leita til eins atvinnurekanda áður en atvinna var í höfn. Nær allir svarendur könnunarinnar eru í launaðri vinnu og eru mjög eða frekar ánægðir með stöðu sína á vinnumarkaði. Langflestir þeirra töldu mjög eða frekar líklegt að þeir veldu aftur nám við HA væru þeir að útskrifast úr framhaldsskóla í dag.

Rektor taldi rétt að brugðist yrði við ofangreindum niðurstöðum, bæði jákvæðum og neikvæðum. Nefndi hann að breytingar á stjórnskipulagi og stjórnsýslu HA sem háskólaráð hefði þegar ákveðið að ráðast í væru að hluta til svar skólans við niðurstöðum

IMG Ráðgjafar. Einnig taldi hann niðurstöðurnar benda til þess að hægja yrði á vexti HA og ná betur utan um rekstur hans, auk þess sem huga þyrfti að innviðum skólans, styrkja stjórnkerfið og gera einingar ábyrgari. Sagði hann þegar hafa verið gripið til fyrstu ráðstafana til að ná þessum markmiðum, en frekari ákvarðana væri að vænta á næstu mánuðum.

Þessu næstu vék rektor að framtíðarsýn HA. Þar kom fram að unnið væri að því að flytja alla starfsemi skólans á háskólasvæðið og að nú væri nánast lokið við hönnunarvinnu á 2000m² viðbyggingu fyrir kennslu sem auka myndi líkurnar á því að kennaradeild gæti flust. Stefnt er að því að það takist fyrir árið 2010. Rektor nefndi einnig að HA hefði með helstu samstarfsaðilum sínum stofnað einkahlutafélagið Þekkingarvörð sem ætlað er að byggja upp þekkingarþorp við HA þar sem saman koma háskóla- og rannsóknastofnanir ásamt þekkingarfyrirtækjum til að sinna öflun, miðlun og hagnýtingu þekkingar. Mun Þekkingarvörður í samstarfi við HA móta stefnu fyrir framtíðaruppbyggingu háskólasvæðisins og beita sér fyrir gerð deiliskipulags fyrir háskólasvæðið í samstarfi við Akureyrarbæ. Gat rektor þess að Benedikt Sigurðarson, stjórnarformaður KEA, myndi gera nánari grein fyrir áætlunum Þekkingarvarðar í erindi síðar á fundinum.

Hvað fjárhagsumhverfi HA varðar taldi rektor að leiðrétta þyrfti þann mismun sem til staðar er varðandi aðgang háskóla að fjármagni og að auka þyrfti fjárveitingar til rannsóknastarfsemi. Rektor gat þess einnig að áfram yrði haldið að efla rannsóknir við HA, ekki síst í tengslum við uppbyggingu framhaldsnáms. Þar þyrfti að skilgreina þrjú til fjögur svið til að sækja fram á. Jafnframt er stefnt að því að koma á fót framhaldsnámi í öllum deildum skólans svo fljótt sem auðið verður. Hins vegar er ekki stefnt að nýju grunnnámi næstu tvö árin. Hvað sem því líður þarf stöðugt að bæta kennsluaðferðir og kennsluhætti, jafnvel þótt fyrrverandi nemendur beri skólanum vel söguna, og nefndi rektor þar sérstaklega móttöku og þjálfun nýrra kennara, auk þess sem reglulega þyrfti að bjóða kennurum upp á námskeið og þjálfun í nýjum kennsluaðferðum, ekki síst í tengslum við fjarnám.

Rektor lauk máli sínu á því að ítreka að nú yrði lögð áhersla á að styrkja starfsemi HA inn á við og að halda stjórnskipulagi hans einföldu og skilvirku. Um leið yrði uppbygging HA að taka mið af því að skólinn taki þátt í alþjóðlegri háskólastarfsemi og taldi rektor að við frekari uppbyggingu framhaldsnáms væri raunhæft að miða við að allt að helmingur nemenda komi erlendis frá. Að öllu þessu samanlögðu yrði HA í nánustu framtíð enn öflugri stofnun með fjölbreytt námsframboð í grunnnámi og framhaldsnám í boði við allar deildir og drægi að sér bæði æ fleiri nemendur, innlenda sem erlenda, og hátæknifyrirtæki sem staðsetja sig í vísindagörðum á háskólasvæðinu.

2. Ársreikningur 2004

Sem fyrr segir annaðist Úlfar Hauksson forstöðumaður fjármála umfjöllun um Ársreikning 2004 í forföllum Ólafs Búa Gunnlaugssonar framkvæmdastjóra. Úlfar hóf mál sitt á því að fara yfir rekstrarreikning HA fyrir árið 2004. Sagði hann þann reikning, og rekstrarreikning ársins á undan, einkennast af vexti og rekstrarhalla enda væru umrædd ár erfiðustu rekstrarár HA til þessa. Þannig jukust tekjur skólans úr tæpum 176 milljónum árið 2003 í 249,5 milljónir árið 2004 en á sama tíma fóru rekstrargjöld úr 911,5 milljónir í liðlega milljarð og tekjuhallinn var 133,6 milljónir árið 2003 og 107,7

milljónir árið 2004. Einnig benti Úlfar á að frá árinu 2001 hefðu fjárframlög á hvern nemanda lækkað umtalsvert.

Í efnahagsreikningi fyrir árið 2004 má sjá að eigið fé HA var neikvætt um tæpar 235 milljónir en Úlfar gat þess þó sérstaklega að það þýddi ekki að um greiðsluvandræði væri að ræða þar sem ríkissjóður greiðir launakostnað þrátt fyrir rekstrarafkomu.

Laun og launatengd gjöld námu 71% allra útgjalda ársins 2004, aðkeypt þjónusta 9%, starfstengdur kostnaður 7% og aðrir liðir minna. Af tekjum HA eru 75% ríkisframlag, önnur framlög 12%, aðrar tekjur 9% og innritunargjöld 4%.

Að endingu gat Úlfar þess að á fjárlögum komandi árs væri gert ráð fyrir tæplega 898 milljónum úr ríkissjóði, auk nokkurs afgangss vegna sölunnar á húsnæði HA í Glerárgötu. Sagði Úlfar ljóst að ákveðin hagræðing og endurskipulagning væri nauðsynleg vegna vaxtar skólans.

3. Uppbygging vísindagarða

Benedikt Sigurðarson stjórnarformaður KEA kynnti fyrirbyggjandi hugmyndir og áætlanir um uppbyggingu vísindagarða eða þekkingarþorps við Háskólann á Akureyri, sbr. orð rektors þar að lútandi. Að baki því verkefni stendur einkahlutafélagið Þekkingarvörður en eignaraðilar þess eru nú KEA (Urðir), Samtök iðnaðarins, Iðnaðarráðuneytið, Imprá, Nýsköpunarsjóður, Háskólinn á Akureyri, Afe og Aþing. Félagið var stofnað í júní 2005 á grunni Frumkvöðlaseturs Norðurlands.

Benedikt rakti aðdraganda verkefnisins, sem má m.a. rekja til þess að haustið 2004 var gerð forkönnun á þörf fyrir byggingu vísindagarða fyrir fyrirtæki og samstarfsstofnanir á svæði HA. Leiddi könnunin í ljós að rekstrargrundvöllur virtist vera fyrir byggingu upplýsingatæknihúss á lóð háskólans þar sem saman kæmu fyrirtæki í greininni, auk upplýsingatæknideildar HA, sérhæfðra fyrirtækja og frumkvöðlaaðstöðu. Var gert ráð fyrir að þetta yrði fyrsta vísindagarðsverkefnið við HA en síðan þyrfti að huga að samsvarandi verkefnum á öðrum sviðum, með aðstoð lykilmanna úr viðskiptalífínu.

Þessu næst gerði Benedikt grein fyrir helstu einkennum þekkingarþorpa og hins svo kallaða þekkingarhagkerfis. Þar kom m.a. fram að með hugtakinu þekkingarþorp er átt við þyrpingu þekkingarfyrirtækja sem staðsett eru í eða við háskólaumhverfi. Þar koma saman háskóla- og rannsóknastofnanir ásamt þekkingarfyrirtækjum á tiltölulega litlu svæði sem er skipulagt með það fyrir augum að greiða samgang milli stofnananna og efla starfsemi þeirra. Markmiðið er að skapa öflugt nýsköpunar- og viðskiptaumhverfi sem færir fyrirtækjum og viðkomandi háskólum samlegðaráhrif, báðum til hagsbóta. Gat Benedikt þess að í þróuðum vestrænum þjóðfélögum væri nú litið til þekkingarþorpa sem öflugustu aðferðarinnar til að hraða og efla nýsköpun enda hefðu flest ný störf sl. 15 ára orðið til í smáum fyrirtækjum sem flest væru í þekkingardrífnum greinum. Greindi Benedikt síðan frá þeirri góðu reynslu sem fengist hefur erlendis af verkefnum tengdum þekkingarþorpum og vísindagörðum, m.a. á Norðurlöndum og í Bandaríkjunum og Bretlandi.

Benedikt taldi ljóst að bæði HA og fyrirtæki gætu haft ávinning af þátttöku í vísindagörðum. Þeir gætu t.a.m. styrkt HA við að ná því markmiði að verða leiðandi í þekkingar- og hæfnisuppbyggingu á landinu, stutt skipulagða uppbyggingu rannsókna og samstarfsverkefna skólans og eftt þekkingarmiðlun hans til atvinnulífsins auk þess sem

nærvera fyrirtækja gæti verið mikilvægur stuðningur við vissar deildir skólans. Fyrirtækin sem taka þátt nýtu hins vegar m.a. samlegðaráhrifa frá öðrum fyrirtækjum, háskólanum og stoðkerfi þekkingarþorpsins, þau yrðu í hagstæðu nýsköpunarumhverfi og nýtu jákvæðrar ímyndar háskólasvæðisins, en samkvæmt erlendri reynslu er staðsetning á slíku svæði kjörstaðsetning fyrir þekkingarfyrirtæki. Auk þessa kvaðst Benedikt sjá í tengslum við vísindagarðana ýmis sóknarfæri önnur fyrir bæði HA og þátttökufyrirtæki sem og fyrir Akureyrarbæ og allt viðskiptalíf svæðisins. Til þessa alls þarf þó mikla samhæfingu og aukinn stuðning við atvinnuþróun og nýsköpun en einmitt þar gætu vísindagarðarnir sjálfir komið við sögu sem vettvangur til að stilla saman strengi.

4. Umræður, fyrirspurnir og önnur mál

Aðeins ein fyrirspurn barst; Svanfríður Jónasdóttir spurði Benedikt Sigurðarson hvort efni erindis hans yrði gert aðgengilegt á vef HA. Svaraði Benedikt því játandi.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundarstjóri sleit fundi kl. 15:35.

Anna Þóra Baldursdóttir
fundarstjóri

Finnur Friðriksson
fundarritari